

## Siðareglur nemenda og kennara við Hug- og félagsvísindasvið Háskólans á Akureyri<sup>1</sup>

### Grunnreglur

Háskóli er samfélag nemenda og kennara um frjálsar og óháðar athuganir í rannsóknum og kennslu. Til þess að þetta samfélag nái tilgangi sínum þurfa allir sem taka þátt í því að sýna hver öðrum kurteisi og tillitssemi og gæta þess að gera ekkert sem truflar að óþörfu eða skaðar aðra í þessu samfélagi.

Akademískt frelsi krefst þess að þessi verðmæti séu virt. Nemendur njóta akademísku frelsis þannig að þeir velja sér námsgrein, setja fram skoðanir sínar og komast að eigin niðurstöðum. Nemendur getur greint á við kennara sína og gagnrýnt skoðanir þeirra og kennsluaðferðir. Slíkan ágreiningur verður ávallt að ræða af yfirvegun og tillitssemi. Kennarar njóta akademísku frelsis þannig að þeir fjalla um kennslugrein sína í samræmi við fræðilegar kröfur og á þann hátt sem þeir telja skynsamlegt. Þeir meta námsárangur nemenda á faglegan hátt og í samræmi við samþykktu stefnu viðkomandi deildar eða háskólans.

- [Yfirlýsing íslenskra háskóla um akademískt frelsi, 2005.](#)

Markmið allra námskeiða í háskóla er skipulagt nám. Meðlimir námskeiðsins, bæði nemendur og kennarar, mynda fyrir sitt leyti samfélag sem hlúir að þekkingu og jákvæðum samskiptum.

Nemendur og kennarar í námskeiði mynda eigið háskólasamfélag byggt á virðingu og tillitssemi í því skyni að stuðla að skipulögðu námi. Nemendur og kennarar við Háskólann á Akureyri standa vörð um heiður háskólans og hegða sér þannig að þeir séu háskólasamfélaginu til sóma.

- [Siðareglur Háskólans á Akureyri](#)

### Ábyrgð nemenda

Við sýnum kennurum okkar, öðru starfsfólki og samnemendum virðingu og kurteisi, hlítum sanngjörnum fyrir mælum og erum heiðarleg í samskiptum. Við gætum kurteisi og fyllstu varúðar í rafrænum samskiptum um samnemendur okkar, kennara og annað starfsfólk skólans.

Við erum heiðarleg í akademískri vinnu. Við tökum ekki þátt í misferli, þar með talið svindli á prófum og ritstuldi. Við gefum ekki villandi upplýsingar til að fá skilafrest eða komast hjá að uppfylla kröfur um mætingu.

- [Reglur um námsmat fyrir Háskólann á Akureyri nr. 885/2009 með breytingum nr. 322/2011](#)
- [Reglur um viðurlög við ritstuldi nr. 757/2006, með breytingum \(með breytingum skv. reglum nr. 546/2009\)](#)

Nemendum ber að kynna sér vandlega í upphafi hvers námskeiðs reglur um mætingu, skilafresti á verkefnum og önnur sambærileg atriði. Almennt er ekki mætingaskylda í fyrirlestra í Háskólanum á Akureyri, en þó er mælt til að nemendur mæti í kennslustundir. Mæti nemandi ekki ber

---

<sup>1</sup> Þessar reglur eru settar til stuðnings siðareglum Háskólans á Akureyri

hann einn ábyrgð á afleiðingum þess. Kennurum ber ekki að gera neinar ráðstafanir vegna fjarveru einstakra nemenda.

Almennt er ætlast til þess að nemendur mæti undirbúnir í fyrirlestra. Ætlast er til að nemendur taki þátt í hópverkefnum sem þeir eiga að vinna. Ef þeir gera það ekki ber öðrum í hópnum að tilkynna það til umsjónarkennara. Nemendur skulu taka þátt í kennslumati hvers námskeiðs sem þeir hafa sótt.

#### *Réttindi nemenda*

Nemendur eiga rétt á kennslu og leiðsögn í Háskólanum á Akureyri sem byggð er á þekkingu og kunnáttu. Þeir eiga rétt á að í hverju námskeiði sé lágmarksfjöldi fyrirlestra og/eða umræðutíma og einnig að heildartímafjöldi sem þeir þurfa að sækja verði ekki íþyngjandi og komi í veg fyrir sjálfstætt nám.

Nemendur eiga rétt á því að þeim sé sýnd virðing í umgengni og að um skoðanir þeirra sé fjallað af tillitssemi. Tilsögn og leiðréttingar á villum eru dæmi um virðingu sem kennari sýnir nemanda.

Nemendur eiga rétt á því að fá kennsluáætlun í fyrstu kennslustund hvers námskeiðs. Leggi umsjónarkennari ekki fram kennsluáætlun í fyrstu kennslustund ber nemendum að tilkynna það til brautarstjóra eða deildarformanns þegar við á. Í hverju námskeiði er æskilegt að umsjónarkennari ítreki við nemendur hverju þeir eigi að standa skil á í hverju verkefni og fyrir hvert próf, sé um það að ræða.

#### **Ábyrgð kennara**

Við virðum réttindi nemenda okkar og höfum hagsmuni þeirra að leiðarljósi. Við virðum skoðanir nemenda og sýnum þeim umburðarlyndi. Við gætum kurteisi og fyllstu varúðar í rafrænum samskiptum um nemendur og samstarfsfólk okkar.

Við stuðlum að menntun nemenda með vandaðri leiðsögn, þjálfun og námsmati samkvæmt ýrtruðu kröfum fræðigreina okkar um vönduð vinnubrögð.

Við gætum þess að nemendur fái kennsluáætlun í fyrstu kennslustund sem innihaldi réttar upplýsingar um lesefni, verkefni, námsmat og aðrar kröfur, (s.s. mætingaskyldu) sem við gerum til þeirra. Við leitumst af fremsta megni við að gera skipulag kennslu og kröfur í námskeiðum okkar eins skýrt og mögulegt er.

Við gætum þess að vera málefnaleg og sanngjörn í umsögnum og endurgjöf. Við stöndum við skuldbindingar okkar gagnvart nemendum og flýtum yfirferð á námsverkefnum og prófum eins og kostur er. Um skil á einkunnum úr námsverkefnum og prófum er fjallað í námsmatsreglum. Ef grunur leikur á um misferli nemenda fylgjum við málinu eftir með viðeigandi hætti.

- [Reglur um námsmat fyrir Háskólann á Akureyri nr. 885/2009 með breytingum nr. 322/2011](#)
- [Reglur um viðurlög við ritstuldi nr. 757/2006, með breytingum \(með breytingum skv. reglum nr. 546/2009\)](#)

Við gerum okkur grein fyrir ójafnri valdastöðu gagnvart nemendum og gætum þess að misnota hana ekki. Við hefjum ekki kynferðissamband við nemendur í námskeiðum okkar. Ef ástvinur eða

fjölskyldumeðlimur (t.d. foreldri, systkini, maki, barn, tengdabarn, eða barnabarn) gerist nemandi okkar sjáum við til þess að námsmat sé á hendi annarra.

Við gætum trúnaðar um persónuleg málefni nemenda og gætum fyllstu varúðar hvar og hvenær sem málefni nemenda eru til umræðu, hvort sem er í munnlegum eða rafrænum samskiptum.

Við mismunum ekki nemendum. Einelti og áreitni er aldrei réttlætanlegt og við erum á varðbergi gagnvart einkennum þess. Við veitum ekki sérstaka fyrirgreiðslu vegna persónulegra tengsla.

- [Stefnumótun um jafnt aðgengi að námi og störfum við Háskólann á Akureyri](#)
- [Áætlun um jafna stöðu kynjanna við Háskólann á Akureyri 2009-2012](#)

#### *Réttindi kennara*

Kennarar eiga rétt á því að þeim sé sýnd virðing og kurteisi í umgengni og að sanngjörnum fyrirmælum þeirra sé hlýtt.

Kennarar eiga rétt á því að nemendur sýni þeim kurteisi í kennslu- og námskeiðsmati.

#### **Almenn háttsemi og háttvísi nemenda og kennara.**

Ætlast er til þess að nemendur og kennarar hugsi út í breytni sína og sýni öðrum tillitssemi. Sérstök ástæða er til að benda á eftirfarandi:

- Nemendum og kennurum ber að mæta stundvíslega í allar kennslustundir
- Nemendur og kennarar sem þurfa að hverfa úr tíma skulu gera það hljóðlega og valda eins lítilli truflun og mögulegt er
- Nemendur skulu nota ferðatölvur í tímum einungis í tilgangi sem tengist kennslustundinni, til dæmis til að skrifa glósur eða athuga efni sem tengist námskeiðinu
- Nemendum og kennurum ber að hafa slökkt á hljóði farsíma
- Nemendur og kennarar taka ekki börn með sér í kennslustundir

Þessi listi er ekki tæmandi, heldur aðeins dæmi og viðmið um hegðun. Nemendum og kennurum ber að forðast alla háttsemi sem vanvirðir, er tillitlaus eða truflar kennara eða aðra nemendur.

Reglur þessar verða endurskoðaðar eftir tvö ár, 2013.

Samþykkt á sviðsfundi Hug- og félagsvísindasviðs, 31. ágúst, 2011.